

Á næsta þingi, sem haldið verður í júnimánuði næsta ár, á að fara fram stjórn- 4
arkosning og leggur Alþjóðavinnuálagstofnunin sérstaka áherzlu á, að umræddar 8. febr.
stofnskrárbreytingar verðin þá gengnar í gildi, svo að hægt verði að kjósa stjórn-
ina eftir hinum breyttu reglum. Alþjóðavinnuálagþingið samþykkti því sérstaka
ályktun, sem fól í sér áskorun til aðildarríkjanna um að þau hröðuðu eftir föngum
fullgildingu á stofnskrárbreytingunum og fól framkvæmdarstjóranum að koma
henni á framfæri.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Austurríkis.

5
8. febr.

Hinn 14. október 1953 var undirrituð í Vínarborg bókun um viðskiptasamkomu-
lag milli Íslands og Austurríkis.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grund-
velli og áður.

Viðskiptasamkomulag þetta gildir frá 6. júní 1953 um óákveðinn tíma með
þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

6
8. febr.

Með erindaskiptum sendiherra Íslands í París og utanríkisráðuneytis Frakk-
lands var hinn 5. febrúar 1954 gert samkomulag um framlengingu viðskiptasam-
nings milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 til marzloka 1954.

Samkvæmt samkomulagi þessu er gert ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum
landanna á svipuðum grundvelli og fyrir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. febrúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.